

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um bréfaskipti, símtöl og heimsóknir
til afplánunarfanga, nr. 119 9. mars 1990.

1. gr.

1. mgr. 9. gr. orðist svo:

Með bréf til og frá eftirtöldum aðilum skal farið eftir ákvæðum 2. og 3. mgr.

1. Dómsmálaráðherra og dómsmálaráðuneyti.
2. Fangelsismálastofnun ríkisins.
3. Dómstólum.
4. Ríkissaksóknara.
5. Lögreglu.
6. Umboðsmanni Alþingis.
7. Mannréttindanefnd Evrópu.
8. Forseta Evrópunefndar um varnir gegn pyndingum og ómannlegri eða vanvirðandi meðferð eða refsingu.
9. Verjanda vegna sakamáls sem er til meðferðar.
10. Verjanda í því sakamáli sem leiddi til þess dóms sem fangi afplánar.

2. gr.

Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í 30. gr. laga um fangelsi og fangavist, nr. 48 19. maí 1988, öðlast þegar gildi.

Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 26. apríl 1995.

Þorsteinn Pálsson.

Þorsteinn A. Jónsson.

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð um gæsluvarðhaldsvist, nr. 179 4. maí 1992.

1. gr.

Við 2. mgr. 16. gr. bætist eftirfarandi: og skal honum kynntur sá réttur með sannanlegum hætti.

2. gr.

2. mgr. 30. gr. orðist svo:

Fangelsislæknir skal skoða gæsluvarðhaldsfanga sem fyrst eftir komu í fangelsi. Fangelsislæknir skal kallaður til án ástæðulauss dráttar ef ástæða er til að ætla að fangi sé sjúkur við komu í fangelsi eða þurfi að öðru leyti á læknishjálp að halda og að beiðni fanga enda hafi hann ekki áður verið skoðaður af fangelsislækni.